

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um spilakassa.

Ráðuneytið leitaði eftir upplýsingum frá Íslandsspílum sf. (ÍSP) og Happdrætti Háskóla Íslands (HHÍ) vegna fyrirspurnarinnar. Eru meðfylgjandi tölur byggðar á þeim upplýsingum.

1. Hverjar voru brúttótekjur Íslandsspila sf. og Happdrættis Háskóla Íslands (HHÍ) af spilakössum árin 2020, 2021, 2022 og 2023, að frádregnum vinningum?

Brúttótekjur	2020	2021	2022	2023
ÍSP	683 millj. kr.	815 millj. kr.	979 millj. kr.	1.046 millj. kr.
HHÍ	1.348 millj. kr.	1.970 millj. kr.	2.730 millj. kr.	2.951 millj. kr.

2. Hver voru heildarrekstrargjöld hvors fyrirtækis hvert þessara ára, og hve stór hluti rekstrargjalfa rann annars vegar til kaupa og hins vegar til leigu á spilakössum?

Heildarrekstrargjöld	2020	2021	2022	2023
ÍSP	422 millj. kr.	460 millj. kr.	490 millj. kr.	507 millj. kr.
HHÍ	816 millj. kr.	1.010 millj. kr.	1.267 millj. kr.	1.418 millj. kr.

Kaup á spilakössum utan vsk.	2020	2021	2022	2023
ÍSP	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
HHÍ	0 kr.	0 kr.	18,5 millj. kr.	0 kr.

Leiga á spilakössum utan vsk.	2020	2021	2022	2023
ÍSP	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
HHÍ	150,7 millj. kr.	193,1 millj. kr.	247,1 millj. kr.	292,3 millj. kr.

3. Af hvaða aðilum hafa spilakassar, annars vegar HHÍ og hins vegar Íslandsspila, verið keyptir eða leigðir þessi ár?
HHÍ hefur verið í viðskiptum við IGT og Novomatic.
ÍSP rekur spilakassa frá IGT, Light & Wonder og Zitro en engir nýir spilakassar hafa verið keyptir eða leigðir á árunum sem spurt er um.

4. Hversu oft hefur verið farið til útlanda á sölusýningar spilakassafyrirtækja á þessum árum, hver er heildarkostnaður vegna utanlandsferðanna, annars vegar HHÍ og Íslandsspila hins vegar, og hver hefur greitt þann kostnað?

	Fjöldi ferða	Heildarkostnaður	Greiðandi
HHÍ	5	3,7 millj. kr.	HHÍ
ÍSP	4	3,5 millj. kr.	ÍSP

5. Hver voru heildarútgjöld fyrirtækjanna til umboðsaðila þar sem spilakassarnir eru starfræktir?

Heildarútgjöld HHÍ til umboðsaðila voru um 2.118 millj. kr. á tímabilinu.

Heildarútgjöld ÍSP til umboðsaðila voru um 682 millj. kr. á tímabilinu.

6. Hverjar voru heildarvinningsfjárhædir hvors fyrirtækis hvert þessara ára og hve stórluti var raunverulega greiddur út í peningum, af umboðsaðilum annars vegar, og af fyrirtækjunum sjálfum, HHÍ og Íslandsspilum, hins vegar?

HHÍ	2020	2021	2022	2023
Greitt af HHÍ	175 millj. kr.	258 millj. kr.	302 millj. kr.	552 millj. kr.
Greitt af umboðsaðilum	3.131 millj. kr.	4.166 millj. kr.	5.817 millj. kr.	6.595 millj. kr.
ÍSP	2020	2021	2022	2023
Greitt af ÍSP	36 millj. kr.	20 millj. kr.	16 millj. kr.	29 millj. kr.
Greitt af umboðsaðilum	1.586 millj. kr.	1.892 millj. kr.	2.302 millj. kr.	2.451 millj. kr.

7. Hver voru heildarframlög hvors fyrirtækis vegna nýrra leikja eða spilakassa þessi ár til:

- forvarna, og þá hvaða forvarnaverkefna, og hverjur fengu framlag,
- meðferða og þá hvaða meðferða, og hverjur fengu framlag,
- auglýsinga og markaðsmála, og á hvaða miðum var auglýst?

	HHÍ	ÍSP
A. Til forvarna	Samstarfsverkefni HHÍ og ÍSP, abyrgspilun.is, og Samstarfsverkefni ÍSP og HHÍ, fræðsla um ábyrga spilun fyrir starfsfólk. Framlög til abyrgspilun.is, og tengt efni rannsóknaraðila til fræðsluöflunar og ráðstefnuferða. Eftirlit óháðs aðila, KPMG, með fylgni HHÍ við stað- sem og fræðsla um ábyrga spilun. Framleiðsla rannsóknar um tíðni spilavanda al European Lotteries um ábyrga spilun. Framleiðsla rannsóknar um tíðni spilavanda á bæklingum og QR-kóða á spilakassa. Fræðslusíða á Íslandi, SNSUS-ráðstefnu og fyrir rekstraraðila. Styrkur til rannsóknar um tíðni fræðslumyndband fyrir ungspilavanda á Íslandi. Styrkur til gerðar fræðslumyndbanda grunnskólanema.	Eftirlit óháðs aðila, KPMG, með fylgni HHÍ við stað- un fyrir starfsfólk. Styrkur til al European Lotteries um ábyrga spilun. Framleiðsla rannsóknar um tíðni spilavanda á bæklingum og QR-kóða á spilakassa. Fræðslusíða á Íslandi, SNSUS-ráðstefnu og fyrir rekstraraðila. Styrkur til rannsóknar um tíðni fræðslumyndband fyrir ungspilavanda á Íslandi. Styrkur til gerðar fræðslumyndbanda grunnskólanema.
B. Til meðferða	Meðferðarstarf SÁÁ, sálfræðiþjónusta og hjálparsími 1717.	Meðferðarstarf SÁÁ og hjálparsími 1717.
C. Til auglýsinga og markaðsmála	Engin.	Engin.
Heildarframlag	65,5 millj. kr.	50,5 millj. kr.

8. Hversu margir spilakassar eru í rekstri annars vegar hjá HHÍ og hins vegar Íslandsspilum?

HHÍ: 470.

ÍSP: 337.

9. Hvar eru spilakassar staðsettir og hversu margir spilakassar eru í rekstri á hverjum stað fyrir sig?

HHÍ					
Álfheimar 74	24	Bæjarhraun 26	4	Faxafen 12	9
Eiðistorg 15	6	Engihjalli 8	10	Hafnargata 19a	10
Flatahraun 5a	4	Grensásvegur 3	6	Hamraborg 20a	77
Hafnarstræti 20	42	Hamraborg 11	30	Höfðabakki 1	26
Kirkjuvegur 21	2	Hverafold 5	8	Laugavegur 78	22
Laugavegur 118	90	Kringlan 4–12	16	Lóuhólar 2–6	16
Reykjavíkurvegur 60	11	Lágmúli 5	6	Strandgata 25	14
Þverholt 2	4	Reykjavíkurvegur 64	33		

ÍSP					
Flottborg	2	Multi Market	1	Ungo	7
Icevape	1	Söลurninn Hraunbergi	4	Lukka	2
Kjötborg	1	Bitahöllin	6	Ís-Grill	7
Mónakó	17	Spennustöðin	9	Lucky Luke	10
Norðurlandia Paradís	2	Rauða ljónið	7	Þristurinn	7
Bláa sjóppan	2	Mini Market	1	Sjóppan, Ólafsvík	3
Vikivaki	1	Pólóborg	2	Hamraborg	6
Vikivaki	1	Publin	4	Sjóppan mín, Skagaströnd	1
Kringlukráin	7	Smári	28	Sjóppan mín, Ólafsfirði	1
Sportbarinn	16	Videomarkaðurinn	33	Sjóppan, Húsavík	1
Benzin Café	13	Snaeland	3	Sjóppan mín, Fellabæ	1
Kúlan	10	Íslenski rokkbarinn	6	Djákninn	1
Ísgrill	23	Jolli	2	Kría	2
Skalli	5	Ölhúsið	7	Skálinn, Hveragerði	2
Þristurinn	13	Söลurninn Holtanesti	6	Söлuskálinn Björkin	3
Álfurinn – sportbar	5	Spennustöðin	26	Lundinn	4
Mini Market	3	Ráin	7	Tvisturinn	5

10. Hversu hátt er vinningshlutfall spilakassanna annars vegar hjá HHÍ og hins vegar hjá Íslandsspílum? Útreikningar óskast sundurliðaðir.

HHÍ	
Um 92% að meðaltali. Allir leikir í spilakössunum eru stilltir á vinningshlutfall í kringum 92%, að meðtöldum svonefndum gullpotti.	

ÍSP	2020	2021	2022	2023
Kassar með hámarksþwinning 20.000 kr.	91,7%	91,6%	91,6%	91,4%
Kassar með hámarksþwinning 100.000 til 300.000 kr.	92,3%	91,9%	92,1%	92,0%

11. Hver bar ábyrgð á eftirfylgni með framkvæmd laga um spilakassa á árunum 2020–2023?

Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022, fer dómsmálaráðuneyti með mál er varða happdrætti. Samkvæmt lögum

um happdrætti, nr. 38/2005, fer ráðuneytið með eftirlit með happdrættum þar sem spilað er um pening eða peningaígildi en eftirlit með öðrum happdrættum er í höndum sýslumanns. Um happdrættisvélar gilda lög um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, og um söfnunarkassa lög um söfnunarkassa, nr. 73/1994, ásamt reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli laganna. Árið 2007 var sýslumanninum á Hvolsvelli með bréfi falið að skipuleggja og framkvæma í umboði ráðherra tiltekið eftirlit með spilakössum í samvinnu við aðra sýslumenn og lögregluyfirvöld. Nánar tiltekið var sýslumannni falið að halda utan um eftifarandi atriði: Að fram komi á spilakössum hver sé rekstraraðili þeirra. Að ganga úr skugga um að spilakassar beri raðnúmer (framleiðslunúmer). Að fram komi upplýsingar á spilakössum eða á spjaldi hjá þeim hvert ágóði af rekstri þeirra rennur. Að fylgst sé með því að þeir sem spila séu að lágmarki 18 ára gamlir en í reglugerðum beggja rekstraraðila er kveðið á um þennan lágmarksaldur. Að börn yngri en 18 ára geti ekki fengið greidda út vinninga. Að spilakassar séu aðeins þar sem heimilt er að reka þá. Að tryggilega sé gengið frá því að umsjónarmaður hafi virkt eftirlit með spilakössum. Verkefni þessi eru nú á hendi sýslumannsins á Suðurlandi.

12. Hverjar voru niðurstöður úttekta á þessum árum á þeim atriðum sem fylgjast skal með, eins og vinningshlutfalli?

Ráðuneytið er í samskiptum við þau fyrirtæki sem starfrækja spilakassa, bæði reglubundið og eftir atvikum, og tekur á móti ýmsum upplýsingum frá þeim um starfsemina sem teknar eru til skoðunar. Þar á meðal eru ársskýrslur fyrirtækjanna. Á grundvelli þeirra gagna sem borist hafa eða aflað hefur verið hafa ekki verið gerðar athugasemdir við starfsemi fyrirtækjanna og upplýsingar benda til þess að vinningshlutfall sé í samræmi við lög og reglugerðir um spilakassa.

Í mars 2021 kom þáverandi dómsmálaráðherra á fót starfshópi sem ætlað var að kanna mögulegar réttarbætur á sviði happdrættismála. Ekki náðist samstaða innan starfshópsins en formaður hans skilaði ráðuneytinu skýrslu og sérálitum annarra fulltrúa í hópnum til ráðuneytisins í desember 2022. Ráðuneytið hefur skýrsluna og sérálitin til skoðunar.

Ríkislögreglustjóri hefur annað hyert ár frá árinu 2019 gefið út áhættumat um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í áhættumati er m.a. fjallað um spilakassa en veruleg hættu er á því að spilakassar séu nýttir til peningaþvættis. Ráðuneytið áformar að gera breytingar á tilteknum ákvæðum laga um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 73/1994, og lögum um söfnunarkassa, nr. 13/1973, til að bregðast við ábendingum í áhættumati ríkislögreglustjóra.

13. Eru einhverjur af spilakössum HHÍ eða Íslandsspila með sjálfspilun (e. auto play)?

Nei.